

Fundur í fjallskiladeild Holtamannafréttar, haldinn að Laugalandi 26. febrúar 2015 kl 16:00

Mættir eru: Ísleifur Jónasson, Karl Ölversson, Sigfús Davíðsson, Óskar Ólafsson og Egill Sigurðsson sem ritar fundargerð.

Ísleifur setti fund og stjórnar honum

1. Heildarkostnaður við leitir 2014 án húsnæðis er 3.607.851 kr.
Ásahrepps hlutur 4/7 = 2.061.629 kr.
Rangárþing ytra 3/7 = 1.546.222 kr.

Óskað eftir að svokallaður 0 kostnaður vegna leita verði greiddur af sveitarfélögunum.

Tillaga:

Gjald fyrir land verði	11.000 kr.
Að álagningagjald fyrir rekna kind verði	250 kr.
Gjald fyrir ásett fé	250 kr.

Á Holtamannafrétt voru reknar 915 fullorðið fé.
Lögð fram afgreiðsla umsóknar til Landbótasjóðs.
Samþykktur styrkur er 920.000 kr.

Lögð fram staðfesting á móttöku Landgræðslunnar á landbótaáætlun Holtamannafréttar þann 31. desember 2014. Málið er í vinnsluferli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:15